

Þrautabraut

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að þjálfna líkamlega færni, gefa einstaklingum færi á að spreyta sig og þjálfna samstarf og samhjálp hjá hópnum.

Námsgreinar: Íþróttir, lífsleikni, náttúrufræði og heimilisfræði.

Aldur: Öll aldursstig.



VERKLÝSING

Settar eru upp ýmsar þrautir þar sem reynir á þrek, færni og hæfni einstaklingsins og getu hópsins til samstarfs. Verkefni eru sambland af Tarsan-leik og Survivor.

Dvalið er í grenndarskóginum og endað með samveru þar sem bakað er yfir eldi eða nesti borðað.

Kennari undirbýr nemendur með því að gera þeim grein fyrir verkefninu í heild og skipulagi þess. Skipt er í hópa og gert ráð fyrir að allir fari í gegnum sömu verkefni. Hægt er að hafa þetta sem eins konar ratleik með verkefnum eða hreina þrautabraut þar sem hópnum er komið af stað með vissu millibili og tekinn tími á því hve langan tíma tekur að ljúka brautinni og verkefnum hennar.

Í lokin, þegar samverustundinni er að ljúka, þurfa nemendur að fylla út verkefnamatsblöð. Þau eru síðan rædd sameiginlega í lokin.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Gert er ráð fyrir að komið hafi verið fyrir þrautastöðvum fyrir ólík verkefni fyrir fram.

Bönd, bolir, plankar, góður klæðnaður, sjúkrakassi, efni í kakó, greinabrauð, pitsu eða popp, eftir því sem við á.

Útbúa verkefnamatsblöð fyrir nemendur til að vinna í lokin.